

FLAF fundur 17. Apríl 2018

Mættir voru:

formaður, Kjartan Kárason, Guðrún S. Ólafsdóttir, Valdimar Reynisson, Einar R. Sigurðsson og Sigurlaug Guðmundsdóttir.

Fundurinn var haldin á heimili gjaldkera, Guðrúnar S. Ólafsdóttur að Hamravík 46.

Fundurinn var settur kl. 20 og lauk stuttu fyrir kl. 22.

Fundardagskrá:

1. Fréttir af aðalfundi SR og áætlunum um Fellsmörk.
2. Undirbúningur aðalfundar FLÁF.
3. Plöntudagurinn 2018.
4. Viðhald og framkvæmdir 2018.
5. Heimasíða félagsins.
6. Önnur mál.

Fundargerð:

Valdimar hefur talað við Helga Gíslason en engar fréttir fengið af framtíðaráætlun SR fyrir Fellsmörk.

Salurinn við Elliðavatn hefur verið bókaður fyrir aðalfundinn þann 15. maí. Talað var um að kanna hvort Helgi Gíslason, eða annar geti komið og fært okkur fréttir af hugmyndum SR um framtíð Fellsmerkur.

Aðalfundurinn var undirbúinn með tilliti til endurnýjunar í stjórn FLAF.

Plöntudagurinn var staðfestur 30. júní og Valdimar sér um afhendingu plantnanna.